Hagsjá - Verðbólga

Hagfræðideild Landsbankans
28. ágúst 2020

Verðbólgan 3,2% í ágúst

VNV hækkaði um 0,46% milli mánaða í ágúst og mælist verðbólga 3,2% í samanburði við 3,0% í júlí. VNV án húsnæðis hækkaði einnig um 0,46% milli mánaða og mælist verðbólga án húsnæðis 3,4%.

Mælingin var hærri en greinendur áttu von á, en opinberar spár lágu á bilinu 0,1% til 0,3% hækkun milli mánaða. Við höfðum spáð 0,3%.

Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Föt og skór** hækkuðu um 3,4% milli mánaða. Samkvæmt þessu virðist sem sumarútsölunum hafi lokið að fullu fyrir verðkönnunarvikuna, en þessi liður lækkaði um 3,6% milli mánaða í júlí.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,54% milli mánaða. Skýrist þetta af 1,07% hækkun á vísitölu markaðsverðs húsnæðis milli mánaða en áhrif vaxtabreytinga voru 0,52 prósentustig til lækkunar.
- **Mat- og drykkjarvörur** hækkuðu um 0,38% milli mánaða. Hækkunin skýrist af búvörum en áhrif annarrar mat og drykkjarvöru (bæði innlendra og innfluttra) voru óveruleg.
- **Aðrar vörur og þjónusta** hækkuðu um 0,51% milli mánaða. Hækkunin skýrist nær eingöngu af hækkun hreinlætis- og snyrtivara. Þannig hækkaði tannkrem, sjampó og snyrtivörur um 3,4% milli mánaða og sápur um 2,8%.
- **Bensín** hækkaði um 0,88% milli mánaða sem er aðeins minni hækkun en verðmæling okkar benti til.

Gerum ráð fyrir að verðbólga verði yfir markmiði næstu mánuði

Eins og staðan er í dag reiknum við með 0,40% hækkun verðlags í september, 0,38% hækkun í október og 0,22% hækkun verðlags í október. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 3,6% í nóvember.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	15,2%	0,38%	6,1%
Áfengi og tóbak	2,4%	0,10%	4,0%
Föt og skór	3,5%	3,36%	4,1%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14,0%	0,16%	1,9%
Reiknuð húsaleiga	16,4%	0,54%	3,1%
Húsgögn og heimilisb.	5,5%	0,16%	7,1%
Heilsa	4,3%	0,56%	3,5%
Ferðir og flutningar - annað	4,5%	0,81%	5,2%
Kaup ökutækja	6,0%	0,42%	5,0%
Bensín og díselolía	3,2%	0,88%	-7,1%
Flugfargjöld til útlanda	1,4%	-1,01%	-17,0%
Póstur og sími	1,5%	1,56%	-4,9%
Tómst. og menning	10,1%	-0,05%	4,5%
Menntun	0,5%	1,12%	2,4%
Hótel og veitingast.	5,1%	0,00%	1,3%
Aðrar vörur og þjónusta	6,5%	0,51%	4,3%

Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands

VNV hækkaði um 0,46% milli mánaða og mælist verðbólgan 3,2%



Heimild: Hagstof Íslands

Verðbólga án húsnæðis er 3,4%.



Heimild: Hagstofa Íslands

Við gerum ráð fyrir að verðbólgan hækki næstu mánuði og verði 3,6% í nóvember.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Við gerum ráð fyrir 0,40% hækkun milli mánaða í september, 0,38% í október og +0,22% í nóvember.



Ágúst - október er spá Hagfræðideildar
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Matur og drykkjarvara hækkaði minna en við áttum von á og reiknuð húsaleiga meira en við áttum von á. Föt og skór hækkuðu, en við áttum von á lækkun.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Framlag innfluttra vara hefur aukist nokkuð það sem af er ári.



Heimild: Hagstofa Íslands

Verð á evru hækkaði milli verðkannavikna, verð á Bandaríkjadal lækkaði.



Heimild: Hagstofa Íslands, Refinitive Eikon

66% undirliða hafa hækkað um meira en 2,5% síðustu 12 mánuði.



Mesta niðurbrot sem er birt, alls 174 undirliðr
Heimild: Hagstofa Íslands

Hækkun á mat og drykkjarvörum milli mánaða í júlí skýrist nær eingöngu af hækkun á búvörum og grænmeti.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Vísitala markaðsverðs húsnæðis hækkaði um 1,07%, áhrif vaxta breytinga var -0,52 prósentur.



Áhrif sumarútsala á fötum og skóm var mun minni en undanfarin ár.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Óveruleg breyting var á flugfargjöldum til útlanda milli mánaða.



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er í kringum 2,5% til 2,8%



Heimild: Kodiak, Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er lægst á stystu bréfunum, en hærri á lengri.



Heimild: Kodiak,

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.